1876

162 19. des. 20, Einars 20 og Hreiðars 25, en hann hafði auk þess unnið það ábýlisjörð sinni til bóta síðustu árin undanfarin, að hlaða þar 900 faðma af tún- og traðargarði. Hafði amtmaður tekið fram, að það mætti virðast mjög áríðandi, að leiguliðar á þjóðjörðunum í Skaptafellssýslu væru uppörfaðir til að bœta af fremsta megni þær skemmdir, er jarðirnar verða fyrir á ári hverju af völdum náttúrunnar, með því móti, að veita þeim nokkra þóknun fyrir fyrirhöfn þeirra, þar eð jarðir þessar mundi að öðrum kosti leggjast í eyði eða eigi byggjast öðruvísi en með enn lægri leigumála en nú er á þeim; en hins vegar sje eigi ástœða til að veita slíka þóknun, ef fyrirhöfn ábúandans til varnar eða viðhalds jörð sinni nemi mjög litlu.

163 20. des. — *Ágrip af brjefi* landshöfðingja *til biskups og landfógeta um* útbýtingu á uppbótarfje handa nokkrum prestaköllum. — Biskup hafði í brjefi 7. s. m. skýrt frá, að af fje því, er landshöfðingi hafði lagt þetta ár nokkrum fátœkum prestaköllum með brjefi 17. jan. s. á. af þeim 2000 kr., sem veittar eru í því skyni í fjárlögunum 1876 og 1877 13. gr. A b 1., voru enn eptir ónotaðar 766 kr., með því að prestar þeir, er kallaðir hafa verið til Staðar í Aðalvík og Staðar í Súgandafirði, hafi ekki tekið við brauðunum þetta ár, og enginn prestur hafi verið skipaður í Prestshólabrauð — *og* hafði biskup lagt það til, að þessum 766 kr. yrði skipt meðal annara fátœkra prestakalla. Skipti þá landshöfðingi fjenu, sem hjer segir:

Fljótshlíðarþingum í Rangárvalla prófastsdœmi		24 kr.
Stóruvalla prestakalli í — ——		50 —
Keldna þingum í — ——		50 —
Hrepphóla prestakalli í Árness ——		60 —
Lundar —— í Borgarfjarðar ——		20 —
Flateyjar —— í Barðastrandar ——		100 —
Álptamýrar —— í Vestur-Ísafjarðar——		100 —
Staðarprestak. á Snæfjallaströnd og Kirkjubólsþingum	í Norður-Ísaf. prófastsd.	32 —
Hjaltabakka prestakalli í Húnavatns prófastsdœmi . . .		32 —
Mývatnsþingum í Suður-Þingeyjar ——		200 —
Sandfells prestakalli í Austur-Skaptafells ——		78 —
Einholts — í —— ——		20 —
		766 —